



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

**Sendandi:** Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflókks Íslands um Sportabler og frístundastyrki**

Á fundi borgarráðs 2. nóvember 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflókks Íslands:

*Hvenær og á hvaða forsendum ákvað Reykjavíkurborg að ganga til samninga við Abler ehf. vegna utanumhalds á frístundastyrk í gegnum Sportabler? Hvers vegna var ákveðið að færa umsýsluna frá borginni? Hver er kostnaður borgarinnar af því að styðjast við Sportabler?*

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs frá skrifstofu borgarstjórnar 6. nóvember 2023.

#### **Svar:**

Þáverandi íþróttá- og tómstundasvið samdi við Greiðslumiðlun um notkun á hugbúnaðnum Hvata til utanumhalds Frístundakorts frá 1. janúar 2020 og gildir sá samningur í fimm ár.

Hvati, sem þróaður var í samstarfi við Kópavogsbæ, hafði verið innleiddur hjá flestum stærri sveitarfélögum og leysti hann af hólmi eldra kerfi (Rafræna Reykjavík). Ljóst þótti að þróun Rafrænnar Reykjavíkur hafði verið hætt nokkru áður, stuðningur við kerfið takmarkaður ásamt því var ljóst að kerfið uppfyllti ekki GDPR staðla sem innleiddir voru árið 2019.

Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna stofngjalds Hvata og yfirfærslu gagna var 2.000.000 + vsk. og mánaðarleg afnotagjöld eru 59.075+ vsk. út samningstímann.

Kerfi sem tengjast Hvata í gegnum vefgátt til ráðstöfunar Frístundakorts eru Sportabler, Sidline, Inna, Vala, Matrix og nú er vinna til staðar að tengja Visku (kerfi tónlistaskóla)

Umsýsla Frístundakorts er alfarið á skrifstofu menningar- og íþróttasviðs eins og verið hefur frá upphafi.

Á sama tíma og samningur um Hvata var gerður, var auk þess gerður samningur við Greiðslumiðlun um afnot af skráningakerfinu Nóra. Þetta var gert til þess að Reykjavíkurborg gæti boðið litlum félögum sem ekki sjá sér fært um að reka sitt eigið skráningakerfi að vera hluti af Frístundakortinu, þar sem kostnaður á ekki að vera hindrun félaga um þátttöku.

Samningurinn hljóðaði upp á að lítil félög fengju gjaldfrjálsan aðgang að Nora gegn 15.000 einkvæmu tengigjaldi. Reykjavíkurborg greiðir 50.000 kr + vsk. fyrir hver byrjuð 30 félög vegna þessa samnings. Við sameiningu Nora og Sportabler yfirtók Abler ehf. þessar skuldbindingar og í dag eru þessi litlu félög 41. Reykjavíkurborg greiðir Abler ehf. því 100.000 kr. + vsk. mánaðarlega svo að lítil félög geti verið þátttakendur í Frístundakortinu.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri.